

Fundur í svæðisráði suður þriðjudag, 7. okt. í fundarsal Ráðhússins á Höfn kl. 13:00.

Mættir: Björn Ingi Jónsson, Sigurlaug Gissurardóttir og Guðrún Ingimundardóttir og Karl Ingólfsson var í síma. Reynir Arnarson boðaði forföll vegna veikinda. Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður var einnig mætt og ritaði fundargerð.

Fundarefni:

- 1) Íshellar á svæðinu.
- 2) Hugsanleg gjaldtaka á bílastæðum í Skaftafelli.
- 3) Deiliskipulag við Fjallsárlón.
- 4) Önnur mál.

Íshellar á svæðinu

Þorvarður Árnason hjá Háskólasetrinu óskaði eftir að fá að koma á fundinn og ræða þetta málefni. Þorvarður lýsti áhyggjum sínum af komandi vetri varðandi ásókn í íshella, þeir eru orðnir vel þekktir eftir síðasta vetur og áhugi ferðamanna á þeim er mjög mikill. Hann kallaði eftir stefnu og leikreglum varðandi íshellaskoðanir fyrirtækja af eftirtöldum ástæðum:

1. Íshellar eru hættulegir staðir og ferðamenn sem eru að fara inn í hellana eru gestir þjóðgarðsins.
2. Gæðamál, íshellar eru einstök svæði og upplifunin er mjög viðkvæm. Ljósmyndarar, verðmætur hópur, stoppa lengi og eyða miklu.
3. Umhverfismál, tryggt að vel sé gengið um og fólk hafi ákveðnar leikreglur í heiðri.

Hellar eru mismunandi eftir árstíma varðandi aðgengi t.d. Fyrirtæki sem eru með íshellaskoðanir eru sum hver þegar með starfsemi inni á svæðinu en önnur fyrirtæki sjá sér einnig hag í þessum ferðum. Þorvarður vill sjá að settar verði reglur um íshellaferðir og hverjr megi sinna þeim. T.d. kvóta um hve margir megi bjóða upp á ferðir og fleira. Hann segir orðspor staðarins vera í húfi varðandi það hversu vel okkur takist að stjórna aðgengi og upplifun.

Guðrún spyr hvaða kröfur hún þurfi að uppfylla til að bjóða upp á íshellaferðir í dag.

Þorvarður svarar því til að hún þurfi í raun ekkert annað en jappa til að komast að staðnum. Og kallar eftir því að sett verði regluverk til að koma böndum á þetta. Það þarf ýmis leyfi t.d. frá ferðamálastofu, en engin leyfi frá þjóðgarðinum.

Karl bendir á að honum finnst að ekki eigi yfirhöfuð að setja neinar reglur um, eða gefa leyfi fyrir íshellaferðum þar sem það sé einungis tímaspursmál hvenær verði slys í sambandi við þær ferðir eðli íshella vegna. En hinsvegar væri hægt að takmarka akstur að jöklinum og gera þar með leiðina lengri/aðgengi erfiðara að íshellinum. Björn Ingi telur að erfitt yrði að framfylgja lokunum eftir. Það er líka spurning hvar hægt væri að setja niður skilti því ef þau eru ekki sett á endastöð sér þau enginn. Umræður spunnust um þetta og Guðrún spyr hvort ekki væri rétt að banna þetta almennt, fyrst íshellaferðir eru svona miklu hættulegri en jöklaferðir almennt.

Karl bendir á að betra væri að setja reglur um og kröfur til ferðaþjónustufyrirtækjanna að vera t.d. með ákveðnar gráður í Fjallamennskunámi t.d. ef farið væri með ferðamenn á erfiða staði og um öryggisbúnað við erfiðar aðstæður.

Regína minnir á að í atvinnustefnu þjóðgarðsins sé gert ráð fyrir að þjóðgarðurinn geti sett fram ýmsar kröfur varðandi atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins, en til að ýmis ákvæði atvinnustefnunnar geti náð fram að ganga þarf lagabreytingar sem eiga eftir að fara í gegnum umræðu í ráðuneytinu og á alþingi.

Þrír aðilar á svæðinu bjóða upp á íshellaferðir og hafa þeir haft gott samráð um heimsóknir í hellana á sínum vegum. Utanaðkomandi fyrirtæki hafa nokkuð sótt í þetta í stærri og minni hópum.

Heimamenn hafa lagt mikla vinnu í að kanna hellana áður en þeir fara með hópa þangað, hreinsa grjót sem gæti fallið á fólk og almennt séð til þess að lágmarka hættuna fyrir sína viðskiptavinum. Þeir sem komi annarsstaðar frá geta ekki tryggt öryggi sinna viðskiptavina á sama hátt, en í mörgum og

líklega flestum tilfellum koma þeir í kjölfar heimamanna sem hafa tryggt öryggi umhverfisins eins og kostur er.

Sigurlaug spyr afhverju megi ekki selja aðgengi að íshellum og þá ertu t.d. með aðila sem skuldbindur sig til að hugsa um svæðið allan tímann, hreinsa grjót ofl. Bent á að þegar er hægt að selja inn í hraunhella t.d.

Björn Ingi bendir á að unnin hafi verið að stefnu um Öryggi á ferðamannastöðum á vegum Ferðamálastofu en hún hefur ekki verið samþykkt.

Svæðisráð leggur áherslu á að lokið verði við gerð atvinnustefnu þjóðgarðsins og að skoðað verði jafnframt hvernig þessum málum er háttað í þjóðgörðum erlendis. Sigurlaug kemur með þá hugmynd að skoða hvernig reglur gilda um atvinnustarfsemi og/eða jöklaferðir í hinum ýmsu þjóðgörðum og Regína tekur að sér að leita að slíkum reglum.

Bílastæði í Skaftafelli.

Björn Ingi segir að ein hugmyndin gæti verið sú að selja á malbikaða planið en ekki á hitt planið. Karl telur að möguleiki væri að merkja skammtíastæði og/eða langtíastæði og væri þá skammtíastæði næst húsinu. Almennt eru fundarmenn sammála um að ekki sé hægt að selja inn á stæði nema þau séu malbikuð og merkt.

Björn Ingi kallar eftir því hvort fólki hugnist gjaldtaka fyrir bílastæði almennt og hvort svæðisráð styðji það að haldið verði áfram með þessa hugmynd. Svæðisráð er ekki mótfallið því að unnið verði að hugmyndum um gjaldtöku á bílastæði í Skaftafelli en nánari útfærsla ekki sett fram.

Deiliskipulag við Fjallsárlón

Björn Ingi kynnti skipulagið fyrir fundarmönnum. Athugasemdir höfðu verið gerðar varðandi fjölda bílastæða en gert er ráð fyrir 100 bílastæðum. Eins og staðan er í dag er þar jafnvel lagt 50 til 60 bílum í einu svo eflaust er ekki vanþörf á áætluðum fjölda, en það þarf ekki að gera í einum áfanga. Karl leggur til að ekki verði farið út í að nota timbur í stígana þarna og vill draga úr stærð útsýnispalla og vel verði hugað að þeim byggingum sem er gert ráð fyrir þarna og notuð náttúruufni á þök ofl. Eins að hafa bílastæðin ekki alveg upp að þjónustuhúsinu, heldur verði mön á milli til að minnka áhrif bílaumferðarinnar.

Sigurlaug tekur undir þessi sjónarmið en vill að að áfram verði gert ráð fyrir útsýnispöllum við gönguleiðir.

Guðrún veltir upp hvort ekki sé betra að vera með malbikaða stíga en tímbur, Karl tekur undir það en bendir einnig á að Skógræktin sé búin að þróa góða tækni við gerð malarstíga sem séu varla síðri en malbikið.

Karl vill koma því sérstaklega að, að hann sé ánægður með framsetningu á þeim mannvirkjum sem þarna er gert ráð fyrir og að hugað sé fyrst og fremst að því að draga úr umhverfisáhrifum.

Sigurlaug spyr hver muni byggja bílastæði, göngustíga og mannvirki. Björn Ingi svarar því til að sú fjárhæð sem kæmi inn vegna úthlutaðra rekstrarleyfa yrði notað í að byggja upp göngustíga og bílastæði en sá aðili sem fengi úthlutað rekstrarleyfi til ákveðins árafjölda myndi byggja húsin.

Svæðisráð leggur áherslu á að í greinargerð með deiliskipulaginu verði lögð sérstök áhersla á útfærslu mannvirkja sem verði byggð jafnvel inn í ölduna. Einnig að ekki verði notað timbur í göngustíga og að bílastæði verði ekki alveg upp að húsinu, eins og Karl lagði til.

Önnur mál.

Björn Ingi upplýsti fundarmenn um að lokið væri jarðaskiptum í landi Freysness við Skaftafell.

Svæðisráðsmenn fagna þessum tíðindum og binda vonir við að þar með opnist tækifæri til uppbyggingu íbúðabyggðar og atvinnustarfsemi í Öræfunum.

Fundi slitið kl. 15.